

Kristín Ingólfssdóttir, rektor HÍ, segir þörf á nýjum kennsluaðferðum á öllum skólastigum

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, sagði í ræðu við brautskráningu skólans um síðustu helgi að þörf er á viðtækum breytingum í menntakerfinu til að „ tryggja frjóan jarðveg fyrir ... nýsköpun og á sama tíma aukna verðmætasköpun“. Kristín sagði meðal annars að þörf væri á að endurnýja kennsluaðferðir á öllum skólastigum til að tryggja að kennarar geti nýtt sér nýjustu upplýsingatækni. Nefndi hún að endurskipulagning kennaramenntunar innan Háskóla Íslands taki mið af þessu.



[Ræðu rektors má lesa í heild hér.](#)

